

Sogavegur 3 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa / SM

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. mars 2025 var lögð fram fyrirspurn K.J.ARK slf., dags. 22. mars 2025, um að útbúa geymslurými í kjallara hússins á lóð nr. 3 við Sogaveg undir plani, samkvæmt uppdr. K.J.ARK slf., dags. 21. mars 2025.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Afstöðumynd


Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin borgarhluta 5 – Háaleiti-Bústöðum, og er hluti af verslunar- og þjónustusvæði, VP54.

Deiliskipulag: Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir lóðina.

Umsögn

Nýlega var heimilt að reisa einnar hæðar viðbyggingu, ásamt yfirbyggðu porti fyrir vörumóttöku og geymslurými í kjallara, við eldra hús þar sem starfrækt er fiskbúð. Í fyrirspurn er óskað eftir 31,8 m² viðbótarkjallararými undir yfirbyggðu porti, skv. meðf. tillögu. Rýmið breytir ekki ásýnd og umfangi byggingar ofan jarðar og telst því ekki hafa áhrif á umhverfið.





Niðurstaða

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið þar sem það hefur ekki áhrif á ásjón ofan jarðar. Tekið skal þó fram að umfang starfsemi skal einungis miðuð við starfsemi fiskbúðarinnar á lóðinni, en ekki við fiskvinnslu fyrir aðrar fiskverslanir.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur



Reykjavík